

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 700, 17. ágúst 2004, um rækjuveiðar innfjarða.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Míðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október til 1. maí.

Veiðar á Ísafjarðardjúpi skulu stundaðar innan dags á tímabilinu frá kl. 09.00-18.00 og skal hver veiðiferð ekki taka meira en einn dag. Veiðar á Ísafjarðardjúpi eru heimilar frá mánudegi til föstudags en bannaðar á laugardögum og sunnudögum.

Veiðar á Arnarfirði skulu stundaðar innan dags á tímabilinu frá kl. 07.00-19.00. Veiðar á Arnarfirði eru heimilar alla daga vikunnar.

Heimilt er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að fela Fiskistofu að tilkynna leyfishöfum um breytingu á upphafi og lokum vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarækju, liggja fyrir umsögn um það frá Hafrannsóknastofnuninni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 31. janúar 2012.

F. h. r.

Hrefna Karlsdóttir.

Arnór Snæbjörnsson.